

## Svar

### mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni Minjastofnunar Íslands.

#### 1. Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir Minjastofnun Íslands?

Minjastofnun Íslands er stjórnábyrgð stofnun sem annast framkvæmd minjavörslu í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Hlutverk stofnunarinnar skv. 11. gr. laga um menningarminjar er að:

- a. hafa eftirlit með fornleifum í landinu og friðuðum húsum og mannvirkjum,
- b. vinna að stefnumörkun um verndun fornleifa og byggingararfs ásamt fagnefndum,
- c. setja reglur um og hafa yfirumsjón með skráningu friðaðra og friðlýstra fornleifa, húsa og mannvirkja,
- d. halda heildarskrár um allar friðaðar og friðlýstar fornleifar, friðlýsta legsteina og minningarmörk og friðuð og friðlýst hús og mannvirki,
- e. gera tillögur til ráðherra um friðlýsingu og afnám hennar,
- f. ákveða skyndifriðun menningarminja ef þörf krefur,
- g. setja reglur og skilyrði um rannsóknir fornleifa sem hafa jarðrask í för með sér og hafa eftirlit með öllum fornleifarannsóknum í landinu,
- h. fjalla um og veita leyfi til stað- og tímabundinna fornleifarannsókna sem hafa jarðrask í för með sér,
- i. framkvæma nauðsynlegar rannsóknir, svo sem neyðarrannsóknir, vettvangskannanir til að staðfesta umfang og eðli minja og aðrar skyndirannsóknir,
- j. hafa eftirlit með og annast leyfisveitingar vegna flutnings menningarminja til annarra landa,
- k. úthluta úr fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði að fengnum umsögnum fagnefnda og annast umsýslu þeirra,
  - l. hafa eftirlit með framvindu verkefna sem fá styrk úr sjóðunum,
- m. ákveða aðra ráðstöfun fjár úr fornminjasjóði og húsafriðunarsjóði í samráði við húsafriðunarnefnd og fornminjanefnd,
- n. annast framkvæmd laga um skil á menningarverðmætum til annarra landa,
- o. setja á fót minjaráð á hverju minjasvæði og bera ábyrgð á starfsemi þeirra,
- p. annast önnur verkefni samkvæmt ákvörðun ráðherra.

#### 2. Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Minjastofnunar Íslands og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?

Kostnaði við hvert lögbundið verkefni er ekki deilt niður í fjárlögum, heldur er gerð grein fyrir fjárheimildum vegna hvers málefnasviðs og málaflokks. Starfsemi Minjastofnunar Íslands fellur undir málefnasvið *18 Menning, listir, íþróttar og æskulýðsmál* og málaflokk *18.2 Menningarstofnanir*. Fjárheimild Minjastofnunar Íslands samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020 er 248,7 millj. kr.